



Reykjavík, 13. maí 2024

VEL24040039

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn Samfylkingarinnar, Framsókn og Pírata um samninga við gistiheimili og hótél v. húsnæðislauss fólks.

Þann 17. apríl 2024 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Meirihlutinn í velferðarráði óskar eftir upplýsingum um hvort og þá hvernig samninga velferðarsvið er með við gistiheimili eða hótél vegna einstaklinga eða fjölskyldna sem tímabundið eru húsnæðislaus vegna húsnæðismissis. Sömuleiðis er óskað eftir upplýsingum um kostnað vegna kaupa á gistinóttum á gistiheimilum og hótélum það sem af er ári 2024.

Svar:

Engir formlegir samningar eru gerðir við eigendur gistihúsa eða hótela heldur eru ákveðin gistihús og hótél sem hefur verið leitað til í gegnum tíðina og hafa verið tilbúin til að taka á móti notendum þjónustu hjá Reykjavíkurborg.

Kostnaður vegna kaupa á gistinóttum og gistiheimilum það sem af er árinu 2024 (janúar - apríl) nemur 557.000 kr. Alls hefur verið greitt til 6 einstaklinga.



Reykjavík